# Fundargögn 94. aðalfundar Ljósmæðrafélags Íslands 20.apríl 2013

Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands býður ljósmæður velkomnar til fundarins.



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ........ 1
Dagskrá aðalfundar ........ 2
Verðskrá félagsvara ........ 2
Skýrsla stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands ........ 3
Yfirlýsing skoðunarmanna ........ 6
Tillaga um breytingu á fagfélagsgjöldum LMFÍ ........ 7
Skýrsla fræðslu- og endurmenntunarnefndar Ljósmæðrafélags Íslands ........ 8
Skýrsla kjaranefndar Ljósmæðrafélags Íslands ........ 10
Skýrsla ritnefndar Ljósmæðrafélags Íslands ........ 11
Skýrsla sjóðanefndar Ljósmæðrafélags Íslands ........ 12
Skýrsla Ljósanna ........ 14
Skýrsla Fagdeildar heimaþjónustu ........ 15
Skýrsla Norðurlandsdeildar Ljósmæðrafélags Íslands ........ 16
Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu F. Hrafnfjörð ........ 17
Úthlutunar- og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð ........ 19
Tillaga uppstillingarnefndar til aðalfundar LMFÍ ........ 20

**Reikningar félagsins eru án blaðsíðutals, aftast í fundargögnum.**

## Dagskrá aðalfundar

1) Setning fundar og kosning embættismanna fundarins
2) Skýrsla stjórnar
3) Handbók félagsins kynnt
4) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
6) Tillaga um breytingu á fagfélagsgjöldum til LMFÍ
7) Skýrslur nefnda / deilda
8) Tillaga sjóðanefndar um nýja stofnskrá og úthlutunarreglur nýs sjóðs, Minningarsjóðs Jóhönnu Hrafnfjörð
9) Stjórnar- og nefndakosningar
10) Formannsskipti
11) Önnur mál

Boðið verður upp á snittur og léttvín kl 17:45 að loknum fundi.

## Verðskrá félagsvara

**Sala félagsmuna er á staðnum:**

Síðerma svartir bolir........................................3000 kr
Síðerma hvítir bolir..........................................3000 kr
Afmælisbolli félagsins.....................................1000 kr
Yfirsetubolli........................................................1000 kr
Barmmerki Ljósmæðrafélagsins..................3000 kr

# Skýrsla stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands

## Stjórnarfundir

Haldnir hafa verið 22 stjórnarfundir á starfsárinu sem er að líða, þar af þrír vinnufundir. Vinnufundir stjórnar voru haldnir til að ljúka við þá vinnu að skoða innviði félagins og semja handbók í kringum starfsemi Ljósmæðrafélagsins. Sú vinna á sér aðdraganda allt frá aðalfundi 2009, en þá var ákveðið að stofna fjóra hópa til að skoða innviði félagsins. Hóparnir voru lagahópur, faghópur, kjarahópur og hópur til að skoða starfsreglur innan félagsins. Stéttar og fagfélag sem er í stöðugri þróun þarf reglulega að leita inn á við, skoða hverju má breyta og laga, til að gera starfssemina enn betri. Handbók félagsins hefur verið í smíðum á árinu 2012 og fram á árið 2013. Afrakstur þeirra vinnu verður kynntur hér á Aðalfundi félagsins. Eðlilegt er að handbókin verði lifandi plagg sem verður reglulega endurskoðað og endurbætt.

## Málaferli

Félagið hefur staðið í málaferlum fyrir hönd tveggja ljósmæðra. Voru málin tekin fyrir í héraðsdómi Reykjavíkur þann 10. október 2012. Lögmannsstofan Mandat rak málið fyrir hönd Ljósmæðrafélagsins. Þann 5. desember 2012 vannst sigur í þessum tveimur málum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn íslenska ríkinu. Ágreiningsefnið snérist um það hvort breytingar sem gerðar voru á starfi og verksviði tveggja ljósmæðra við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HS) rúmaðist innan 19. gr. laga nr. 70/1996. Ljósmæðrafélagið stefndi HS fyrir hönd þessara ljósmæðra og byggði kröfur sínar á því að þær ættu rétt til biðlauna samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, þar sem starf þeirra hefði verið lagt niður með sameiningu fæðingardeildar og mæðravernd hjá HS. Rök HS byggði á því að í ákvörðun HS hafi einungis falist breyting á störfum og verksviði þeirra vegna skipulagsbreytinga hjá stofnuninni. Áherslur í starfsemi stofnunarinnar hafi breyst og þörf hafi verið á hagræðingu í starfsemi stofnunarinnar. Í dómnum var fallist á það að starf ljósmæðranna hafi verið lagt niður og svo umtalsverð breyting hefði orðið á störfum þeirra við þá breytingu að líta beri svo á að þeim hafi ekki boðist sambærilegt starf. Áttu þær því rétt til skaðabóta úr hendi HS. Um mikið réttlætismál er að ræða fyrir ljósmæðurnar þar sem dómstóllinn hafnar því að vinnuveitanda hafi verið heimilt að líta svo á að ákvörðunin væri breyting á starfi og verksviði í skilningi 19. gr. laga um réttindi og skyldur í stað niðurlagningar á stöðu starfsmanns með tilheyrandi biðlaunarétti. Ríkislögmaður hefur ákveðið að áfrýja allavega einu af þessu málum til hæstaréttar. Stendur Ljósmæðrafélagið við bakið á þessum ljósmæðrum áfram þar sem um mikið réttlætismál er að ræða. Í lögum félagsins kemur fram að eitt af hlutverkum þess sé að gæta hagsmuna og réttinda ljósmæðra varðandi starf þeirra og kjör. Lögfræðikostnaður í kringum málaferlin hefur verið borgaður úr Brekkusjóði félagsins sem er varasjóður LMFÍ.

**Ljosmodir.is og félagssíða LMFÍ.**

Töluverðar breytingar urði á rekstri heimsíðu Ljósmæðrafélagsins. Auglýst var eftir vefstjóra og sóttu þrjár ljósmæður um þá stöðu. Signý Dóra Harðardóttir var ráðin vefstjóri hjá bæði ljosmodir.is sem og síðu félagsins, frá og með 1.júní. Vefstjóri félagssíðunnar er í 10 % launuðu starfi. Þóknun fyrir að sinna starfi vefstjóra ljosmodir.is fer eftir hvernig til tekst að afla auglýsinga. Ný og endurbætt heimasíða LMFÍ hönnuð af TM Software leit dagsins ljós og skartar hún m.a íslenskri forsíðumynd. Hún hefur verið í þróun og er í raun enn að breytast og þróast miða við þarfir félagsmanna. Einnig er ljósmæðrafélagið komið með síðu á félagsvefnum facebook. Þar hefur verið stofnað ljósmæðraspjall sem hefur verið talsvert notað og mikilvægur vettvangur fyrir ljósmæður að spjalla saman m.a um það sem efst er á baugi hverju sinni.

**Varðveisla sögulegra gagna**

Gamlar fundargerðarbækur Ljósmæðrafélagsins voru afhentar Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu, þar á meðal fundargerð stofnfundar félagins. Samtals voru afhentar þrjár fundargerðabækur félagsins til ársins 1979. Einnig voru þrjár fæðingarskráningarbækur Jóhönnu Hrafnfjörð afhentar safninu. Í fórum félagsins fundust gömul bréf Sigríðar Eiríksdóttur Sæland ljósmóður sem hún ritaði þegar hún var við nám á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn á árunum 1914-1915. Þau voru send til varðveislu í skjalasafni Hafnarfjarðar samkvæmt ósk frá ættingjum hennar.

**Arfur til handa ljósmæðrafélagi Íslands.**

Jóhanna Hrafnfjörð ljósmóðir lést þann 12. ágúst 2011. Arfleiddi hún LMFÍ að íbúð sinni. Leitað var til lögmannsstofunnar Mandat sem unnið hefur að opinberum skiptum á dánarbúi Jóhönnu. Stjórn Sjóðanefndar hefur fundað nokkuð oft á árinu 2012 og gert skipulagsskrá sem og úthlutunarreglur fyrir þennan nýja sjóð sem fær nafnið Minningarsjóðurinn. Sjá nánari í skýrslu sjóðanefndar um þá vinnu.

**Ný reglugerð um ljósmæður**

Þann 1. janúar 2013 tók í gildi ný heildarlöggjöf um heilbrigðisstarfsmenn sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor. Fæðing þessara nýju laga hefur verið langdregin þar sem allt frá árinu 2007 hefur staðið til að semja ný heilstæð lög um alla löggilta heilbrigðisstarfsmenn. Með þessari nýju löggjöf falla niður lög og reglugerðir sem gilt hafa um einstakar heilbrigðisstéttir þar á meðal um ljósmæður. Samhliða þessum nýju heildarlögum voru settar reglugerðir um hverja stétt. Reglugerðirnar hafa verið unnar í velferðarráðuneytinu í samstarfi við Embætti landlæknis og fagfélög. Ljósmæðrafélagið sendi inn ítarlega umsögn um nýja reglugerð um ljósmæður. Að henni stóðu formaður félagsins, fulltrúi frá HÍ, stjórnarmeðlimir félagsins og fyrrverandi formaður auk ljósmæðra sem sérstaklega var leitað til vegna þessa máls. Fulltrúar félagsins funduðu tvisvar með starfsmönnum Velferðarráðuneytis. Haldinn var einn félagsfundur haustið 2012 til að kynna umsögn félagsins.

**NJF**

Í mars 2012 var haldinn hérlendis tveggja daga fundur formanna norrænu ljósmæðrafélaganna sem og fulltrúa frá ljósmóðurnámi landanna, samtals um 20 ljósmæður. Rætt var um mismun á ljósmæðranámi norrænu landanna sem og framtíðarsýn. Vilji var fyrir því að ljósmæðranámið verði fimm ára nám, þriggja ára grunnnám og tveggja ára nám sem lýkur með MS gráðu.
Formaður LMFÍ og formaður NJF, Hildur Kristjánsdóttur sóttu fund NJF í Færeyjum 10.-14. maí. 2012. Var það vel sóttur fundur og Færeyingar höfðingjar heim að sækja.

**Kjaramál**

Allir kjarasamningar aðildarfélaga BHM við fjármála og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs frá 6. júní 2011 kveða á um endurskoðun í ljósi endurskoðunar samninga á almennum vinnumarkaði í janúar 2013. Gildandi kjarasamningur ljósmæðra við ríkið styttist um tvo mánuði, hann gildir frá 1.maí 2011 til 31.janúar 2014. Upphaflegur gildistími samningsins var frá 1.maí 2011 til 31.mars 2014. Vinna við endurskoðun stofnanasamninga hefur farið af stað á mörgum vinnustöðum ljósmæðra og heldur sú vinna áfram á árinu 2013.

Bandalag háskólamanna gekkst fyrir kjarkönnun núna í mars sl. sem ætlað er að gefa yfirgripsmikla mynd af kjaramálum félagsmanna. Markmið könnunarinnar, sem vonandi verður framkvæmd árlega, eru að veita yfirsýn yfir launakjör háskólamenntaðra einstaklinga og fylgjast með þróun launa þeirra, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði og þar með leggja grunn að upplýsingaveitu til félagsmanna um launakjör og launasamanburð og veita aðildarfélögunum mikilvægar upplýsingar til að byggja á við gerð samninga um kaup og kjör.

**Fagdeild um mæðravernd**

Haldnir hafa verið tveir undirbúningsfundir undir stofnun fagdeildar um mæðravernd. Vonandi mun þessi vinna halda áfram í félaginu undir stjórn nýs formanns.

**Nýr starfsmaður á skrifstofu**

Birgit Raschofer var ráðin til félagins. Birgit hefur verið starfandi innan BHM hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands. Hún er með viðveru á skrifstofunni einn dag í viku. Hún tók til starfa 1.júní 2012.

**Þakkir fráfarandi formanns**

Ég vil þakka stjórnarkonum fyrir mikla og góða samvinnu á árinu 2012 og hluta af 2013. Þetta er búið að vera reglulega lærdómsríkt fyrir mig að kynnast þessu umhverfi sem formaður stéttar og fagfélaga ljósmæðra sem er í samvinnu við heildarsamtök eins og BHM. Ég vil óska nýjum formanni velfarnaðar í starfi.

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ
Esther Ósk Ármannsdóttir formaður

# Yfirlýsing skoðunarmanna

Reykjavík 9.apríl 2013

Við kosnir skoðunarmenn Ljósmæðrafélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og gerum engar athugasemdir við hann.

Ingunn Vattnes Jónasdóttir

________________________

Hilda Friðfinnsdóttir

________________________

## Tillaga um breytingu á fagfélagsgjöldum LMFÍ

Tillaga stjórnar er sú að fagfélagsgjöld hjá Ljósmæðrafélagið Íslands hækki frá því að vera **6500 kr á ári í 8500 kr árlega**. Fagfélagsgjöldin hafa ekki hækkað lengi en hækkun t.d prentkostnaðar við prentun á Ljósmæðrablaðinu sem og Fylgjunni hefur vaxið undanfarin ár sem og annar rekstarkostnaður félagsins. Sjá nánar í ársskýrslu.

## Skýrsla fræðslu- og endurmenntunarnefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Í fræðslunefnd sitja Hanna Rut Jónasdóttir formaður, Bergrún Svava Jónsdóttir, Brynja Pála Helgadóttir, Sveinbjörg Brynjólfsdóttir og Guðrún Gunnlaugsdóttir.

Aðalfundurinn var haldinn 24. mars 2012 og fyrir fundinn hélt Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur fyrirlestur um Liðsheild. Eftir aðalfundinn var farið í heimsókn til Auðar í Jógasetrið þar sem hún fræddi ljósmæður um það sem hún er að gera með konum á meðgöngu og í lokin tók hún svo ljósmæðurnar í góða hvíld og hugleiðslu. Síðan var keyptur matur frá veitingahúsinu "Austurlandahraðlestin" sem snæddur var í húsnæði BHM, Borgartúni.

Í apríl átti að halda Hypnobirth námskeið í samvinnu við Endurmenntun HÍ sem því miður þurfti að aflýsa vegna ónægrar þátttöku. Við stefnum á að reyna aftur innan tíðar.

Myndin "Freedom for birth" var frumsýnd um allan heim 20. september. Fræðslunefndin var í samstarfi við Elenu Teuffer, hjúkrunarnema, sem hafði frumsýningarréttinn á myndinni. Þetta var fræðslumynd um ungversku ljósmóðurina Agnes Gereb sem fundin var sek og sett í fangelsi í heimalandi sínu fyrir þær sakir að taka á móti börnum í heimahúsum. Þeir sem stóðu að myndinni vildu með þessu vekja athygli á mannréttindabrotum. Eftir myndina voru umræður og í pallborði sátu Áslaug Hauksdóttir ljósmóðir, Kristbjörg Magnúsdóttir ljósmóðir og Eyrún Ingadóttir, móðir sem hefur fætt heima. Viðburðurinn var opinn fyrir alla áhugasama og mættu um 40 manns.

Fræðsludagur um heimaþjónustu ljósmæðra var haldinn 27. október í samvinnu við Fagdeild heimaþjónustuljósmæðra. Fjallað var um hin ýmsu mál sem viðkemur heimaþjónustu. Kristbjörg Magnúsdóttir og Berglind Hálfdánsdóttir fjölluðu um ýmis praktísk mál varðandi eigin rekstur ljósmæðra sem sinna heimaþjónustu, Hulda Sigurlína Þórðardóttir stjórnaði umræðum um brjóstagjöf í fyrstu vikunni, Eva Björk Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og móður barns með efnaskiptasjúkdóm fjallaði um nýburaskimun út frá sjónarhorni foreldra, Lilja Eiríksdóttir og Leifur Franzson svöruðu spurningum um PKU sýnatöku og Bergrún S. Jónsdóttir fjallaði um frágang skjala og fleira.

Jólafundurinn var haldinn 6. desember. Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur kynnti bók sína "Ljósmóðirin" sem fjallar um ljósmóðurina Þórdísi Símónardóttur frá Eyrarbakka. Boðið var upp á jólaglögg, konfekt og smákökur og að sjálfsögðu var jólapakkaleikurinn skemmtilegi.

Undirbúningsfundur um stofnun fagdeildar í mæðravernd var haldinn 6. febrúar. Fyrir fundinn var Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi með fræðsluerindið Litli brúarsmiðurinn-fæðing barns í stjúpfjölskyldu.

Framundan er margt að gerast og má nefna fræðsludagana “Áhrif lífsstíls á barneignir” sem haldinn verður 26.og 27. apríl 2013. Vonumst til að sjá sem flesta þar.

Fyrir hönd fræðslunefndar,

Hanna Rut Jónasdóttir, formaður

## Skýrsla kjaranefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Síðastliðið ár hefur verið tíðindalítið hjá kjaranefndinni, en almennir kjarasamningar verða ekki lausir fyrr en í byrjun næsta árs. Unnið hefur verið í samvinnu við formann félagsins, sem einnig er í nefndinni, við yfirferð og greiningu á stofnanasamningum ljósmæðra. Lítið hefur þokast í vinnu við nýja stofnanasamninga og starfa ljósmæður í raun samningslausar hvað þá varðar þar sem þeir hafa verið lausir í langan tíma. Þó hefur vinna verið í gangi á einstaka stofnun við endurskoðun þeirra. Lítill vilji virðist vera hjá stjórnvöldum og yfirmönnum stofnana að vinna að gerð nýrra stofnanasamninga. Beðið var útkomu stofnanasamninga hjúkrunarfræðinga á LSH og leitað eftir samningum á sömu nótum hjá ljósmæðrum þar, en lítið hefur enn komið út úr þeim viðræðum.

Formaður kjaranefndar sat fundi með formanni félagsins þar sem unnið var við bókun 1 úr miðlægu samningunum í samstarfi við félög innan BHM. Var það gagnleg og þörf vinna. Þá fór formaður einnig á fund með formanni félagsins til að ganga frá verkfallslistum við fjármálaráðuneytið.

Í stjórn Ljósmæðrafélagsins hefur farið fram gerð handbókar félagsins og kom formaður nefndarinnar að gerð hennar sem almennur stjórnarmaður, en í handbókinni er kafli um störf kjaranefndar sem er vísir að leiðbeiningum um þá vinnu og ábyrgð sem henni eru falin af hálfu félagsmanna. Er það vel.

Fyrir hönd kjaranefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Björg Sigurðardóttir formaður

## Skýrsla ritnefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Í ritnefndinni voru árið 2012 Hrafnhildur Ólafsdóttir sem er ritstjóri, Helga Gottfreðsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir, Berglind Hálfdánsdóttir, Stefanía Guðmundsdóttir og Ásrún Ösp Jónsdóttir. Stefanía hefur ákveðið að hætta í ritnefndinni núna, þökkum við henni fyrir samvinnuna.

Árið 2012 voru gefin út 2 tölublöð af Ljósmæðrablaðinu eins og undanfarin ár, gekk vel að fá efni í blaðið. Tvær ritrýndar greinar birtust og margar fræðslugreinar. Margar ljósmæður eru búnar að vera í framhaldsnámi og hafa þær verið duglegar að skrifa í blaðið og vill ritnefndin nota þetta tækifæri til að minna þær ljósmæður sem hlotið hafa styrk frá ljósmæðrafélaginu og skrifa í blaðið. Ritnefnd hittist einu sinni fyrir útgáfu hvors blaðs en mikil samskipti fóru fram í gengum netið með tölvupósti.

Það gekk svona sæmilega að safna auglýsingum í blaðið. Kostnaður við útgáfu blaðsins er þó nokkuð meiri en innkoma, prentkostnaður hefur aukist mikið eftir hrun. Þegar öllu er á botninn hvolft verðum við þó að hugsa um hvaða þýðingu Ljósmæðrablaðið hefur fyrir starfsemi félagsins og líf félagsmanna, það vegur mjög þungt, því skiptir kannski ekki öllu þó blaðið standi ekki undir sér, það er bara þýðingarmikill hluti af starfsemi Ljósmæðrafélagsins. En auðvitað verður reynt að halda kostnaði niðri með útboði og áfram reynt að fá inn fleiri auglýsingar.

Á síðasta ári er í fyrsta sinn sem ritnefndin tekur að sér að sjá um útgáfu Fylgjunnar, dagbókar félasins. Við tókum við góðu búi frá henni Elínborgu Jónsdóttur, ekki voru gerðar miklar breytingar á henni. Nokkur umræða skapaðist um hvort Ljósmæðrafélagið eigi að vera að gefa út Fylgjuna í þessu formi. Tæknin er orðin mikil, margir eru með snjallsíma og geta því nálgast allar upplýsingar beint af netinu úr þeim og einnig eru margir farnir að setja inn vaktaplanið beint í símann sinn. Eftir að hafa kannað svona óformlega hug ljósmæðra til Fylgjunnar þá er raunin sú að stór hluti ljósmæðra notar fylgjuna mikið og eru ekki tilbúnar að missa af því að fá hana, er það að hluti af jólunum hjá ljósmæðrum að fá Fylgjuna í hús.

F.h ritnefndar

Hrafnhildur Ólafsdóttir ritstjóri.

## Skýrsla sjóðanefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Sjóðanefnd fundaði þrisvar á árinu 2012. Tveir fundir af þremur hafa verið vinnufundir vegna vinnu við nýjan sjóð á vegum Ljósmæðrafélagsins, Minningarsjóðs Jóhönnu Hrafnfjörð. Jóhanna Hrafnfjörð ljósmóðir afleiddi við andlát sitt, Ljósmæðrafélagi Íslands íbúð sína að Ásvallargötu 25 í Reykjavík. Andvirði sölu hennar vildi Jóhanna að færi í sjóð í hennar nafni. Megin vinnan hefur verið í kringum skipulagsskrá og úthlutunarreglur þessa nýja sjóðs. Þau skjöl verða lögð fram til samþykktar hér á þessum Aðalfundi. Sjóðanefnd hefur fengið aðstoð tveggja lögfræðinga við samning á skipulagsskránni og úthlutunarreglum þessa nýja sjóðs. Þeim Ernu Guðmundsdóttur hjá BHM sem og Bergljótu Ingólfsdóttur hjá lögfræðistofunni Mandat. Einnig hefur skipulagsskráin og úthlutunarreglurnar fengið yfirlestur stjórnarmanna Ljósmæðrafélagsins. Birna Gerður Jónsdóttir ljósmóðir sem félagið leitaði til, kom einnig með góðar ábendingar.

Einn fundur var vegna styrkúthlutana úr Rannsóknar og þróunarsjóði LMFÍ.

Umsóknir í Rannsóknar og þróunarsjóð LMFÍ voru að þessu sinni 6 talsins að upphæð 3.205.000 kr. Ein umsókn var ekki styrkhæf þar sem umsækjandi var ekki kjarafélagi í LMFÍ

Upphæð til úthlutunar í ár úr sjóðnum er 1.612.318 kr. Ljóst var að ekki yrði hægt að styrkja öll verkefnin til fulls.

**Styrkveitingar voru sem hér segir:**

- Steina Þórey Ragnarsdóttir fékk 300.000 kr styrk vegna rannsóknar í meistaranámi sínu þar sem hún kannaði útkomu og undirbúning á eðlilegum fæðingum við Heilbrigðisstofnum Suðurnesja.

- Ólöf Ásta Ólafsdóttir fékk 250.000 kr styrk vegna kostnaðar við rannsóknar og þróunarverkefni. Rannsóknin er um heimafæðingar á Norðurlöndum og nefnist skipulagðar heimafæðingar á Íslandi 2010-2014.

- Sigríður Sía Jónsdóttir fékk 400.000 kr styrk vegna kostnaðar við rannsóknar og þróunarverkefni sem er 2. hluti af doktorsverkefni hennar. Verkefnið hennar fjallar um tengsl geðheilsu, sambands við maka, félagslegs stuðnings og vandamála á meðgöngu.

- Anna Sigríður Vernharðsdóttir fékk 250.000 kr styrk vegna kostnaðar við rannsóknar og þróunarverkefni. Rannsókn hennar og gæðaverkefni horfir til innleiðingu á breyttu vinnulagi við barnsfæðingar til að fækka 3. og 4. gráðu spangarrifum á Landspítala.

- Helga Gottfreðsdóttir fékk 400.000 kr styrk vegna kostnaðar við rannsóknar og þróunarverkefni sitt er nefnist, fræðsluíhlutun um fósturskimun fyrir fagfólk, þróun og mat á árangri.

- Margrét Unnur Sigtryggsdóttir sótti um styrk vegna námskeiða vegna framhaldsnáms. Hún vinnur að þróun spurningalista fyrir rannsókn til að meta notkun óhefðbundinna meðferða á

meðgöngu. Margrét Unnur sótti um styrk að upphæð 630.000.kr. Sjóðanefnd telur umsækjanda ekki styrkhæfan þar sem viðkomandi er ekki kjarafélagi í Ljósmæðrafélagi Íslands, og veitti því ekki styrk.

F.h Sjóðanefndar Ljósmæðrafélagsins
Esther Ósk Ármannsdóttir

## Skýrsla Ljósanna

Starfsemi deildarinnar breytist lítið milli ára. Nokkrar Ljósur hafa látist á árinu en 14 nýjar komu inn eftir áramót og voru 227 fundarboð send út fyrir vorfundinn sem var 13. marz. Starfsmaður á skrifstofunni ásamt formanni LMFÍ , hafa aðstoðað við að bæta á póstlista þeim ljósmæðrum sem verða sextugar á árinu og búa á Íslandi.

Ljósmæðrafélagið hefur borið kostnað af ljósritun og póstsendingum. Það hefur reynst mjög vel að leita til félagsins með ýmislegt sem viðkemur starfsemi deildarinnar og sömuleiðis er starfsfólk BHM í Borgartúni afar hjálplegt.

Ljósurnar halda 2 fundi yfir veturinn, aðalfund í október og einn almennan fund að vori, yfirleitt í marz. Stundum hafa fundarkonur verið með upplestur eða frásagnir á þessum fundum. Algengur mætingarfjöldi er 25, en 13.marz síðastliðinn mættu 36, sem er algjört met.

Tveir formlegir stjórnarfundir eru haldnir yfir veturinn, en þess utan er mjög lagt á ráðin gegnum síma.

Vorferðin að þessu sinni var farin 6.júní 2012 að Kirkjubæjarklaustri, alls 39 Ljósur.

Stanzað var á Þorvaldseyri þar var Gestastofa opnuð 2011. Þarna eru mjög góðar upplýsingar um gosið í Eyjafjallajökli árið 2010 og áhrif þess á lífið á svæðinu. Myndband, sem tekur 20 mín. færir mann inn í atburðarásina. Ýmislegt fleira var skoðað þennan dag og nú þurfti ferðanefndin ekki að sjá um matartilbúning, borðað var á veitingastöðum.

Ferðarnefndin er sú sama og undanfarin ár, Guðrún Davíðsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Sveina Jónsdóttir, Sigurborg Kristinsdóttir og Sjöfn Eyfjörð. Þær hafa staðið sig með mikilli prýði og þessi árvissi atburður er öllum mikið ánægju efni.

Breyting varð á stjórn „Ljósanna“ á síðasta aðalfundi. Inga Elíasdóttir og Þorgerður Pálsdóttir drógu sig í hlé. Þær hafa staðið sig með sóma og gott að vita af þeim áfram í Ljósuhópnum. Stjórnina skipa nú: María Björnsdóttir , formaður, Anna Þorsteinsdóttir, varaformaður, Halldóra Ásgrímsdóttir, ritari ( = ný í stjórn ) Ásta Lóa Eggertsdóttir ( = ný í stjórn) varamaður og Ásgerður Helgadóttir, varamaður.

Að beiðni ritnefndar Ljósmæðrablaðsins sendi stjórn Ljósanna pistil í blaðið með yfirskriftinni:„Hvað gera Ljósurnar?´´ Ritnefnd þótti greinilega forvitnilegt að vita hvað þessar kellur gera þegar aldur færist yfir. Pistillinn birtist í 1. tbl. júní 2012.

Utan formlegra starfa í Ljósudeild er nokkuð fastur liður að fara í kaffi í Perlunni 1. miðvikudag hvers mánaðar, en sá fundur er opinn öllum, óháð því hvort þær eru skráðar í deildina. Einnig er orðin hefð að fara og borða saman á veitingastað þegar hyllir undir aðventu. Hluti ferðanefndar stýrir þessu.

Það verða alltaf fagnaðarfundir þegar „Ljósurnar“ hittast, hvort sem er á fundum eða ferðalögum.

Það má því segja að þær lifi eftir því sem Hjálmar Freysteinsson segir í ljóði:
„ -- ---- en viltu muna að vináttan er, verðmætust eðalsteina“

18.marz 2013
María Björnsdóttir, formaður.

## Skýrsla Fagdeildar heimaþjónustu

Síðasta starfsár Fagdeildarinnar einkenndist að miklu leyti af óvissu um framtíð heimaþjónustu í sængurlegu, eins og starfsárin þar á undan. Að auki einkenndist starfsárið af viðræðum um rammasamninga.

Á haustdögum stóð fræðslunefndin ásamt fagdeild um heimaþjónustu fyrir fræðsludegi sem var mjög ánægjulegur og vel sóttur af ljósmæðrum. Fræðsludagurinn var gott sambland af grunnmenntun fyrir nýjar heimaþjónustuljósmæður um hagnýt atriði ásamt símenntun. Er þetta vonandi vísir að áframhaldandi símenntun fyrir heimaþjónustuljósmæður.

Í nóvember hófust fundahöld vegna rammasamnings við Sjúkratryggingar Íslands. Þar kom fram að viðræður við Sjúkratryggingar Íslands vegna ljósmóðurrekins fyrirtækis um heimaþjónustu í sængurlegu höfðu ekki gengið sem skyldi. Því var ljóst að gengið yrði til viðræðna um áframhaldandi rammasamning við SÍ. Óskaði stjórn Fagdeildar eftir því við SÍ að viðræður um nýjan rammasamning um heimaþjónustu yrðu hafnar hið fyrsta.

Þar sem miklar viðbætur höfðu orðið á samningi ársins 2012 til að bæta þjónustu við sængurkonur var ákveðið að leggja megin áherslu á löngu tímabæra launaleiðréttingu ljósmæðra í heimaþjónustu og heimafæðingum.   Fagdeildin hafði undir höndum skjal frá Sjúkratryggingum Íslands þar sem fram kom hin mikli sparnaður sem hlotist hefur af heimaþjónustu ljósmæðra. Fagdeildin fór fram á að hluti þess sparnaðar yrði nýttur til launaleiðréttingar. Farið var fram á að greiðslur yrðu leiðréttar til samræmis við launaleiðréttingar ljósmæðra í almennum kjarasamningum í september 2008. Farið var fram á að Sí leituðu til yfirboðara sinna eftir auknu svigrúmi til samninga. Strax var ljóst að Sjúkratryggingar gátu ekki komið til móts við kröfur ljósmæðra. Gerð voru drög að nýjum rammasamningi sem fagdeildin lagði fyrir kjarafund heimaþjónustuljósmæðra sem haldinn var 6 desember 2012 sem því miður var mjög illa sóttur. Tilgangurinn með fundinum var skýra stöðuna fyrir ljósmæðrum og fá fram skýran vilja þeirra um hvort ganga ætti að rammasamningi eða fara í frekari aðgerðir til að þrýsta á launaleiðréttingu.Þar sem svo fáar ljósmæður mættu á fundinn og ekki ljóst um vilja ljósmæðra þótti rétt að ganga að breyttum rammasamningi.

Niðurstaðan var samningur með hækkunum sem tóku gildi 1 janúar 2013 til eins árs. Helstu breytingar voru þær að einingaverð hækkaði og einingafjöldi á bak við hverja vitjun var aukinn. Á móti fækkaði hámarksfjölda vitjana fyrir konur og börn í heilsufarsflokki A. Með þessu hækkuðu laun ljósmæðra á hverja vitjun.

Því miður sáu SÍ sér ekki fært að verða við kröfum ljósmæðra um launaleiðréttingu, þrátt fyrir óyggjandi rök fyrir að slík leiðrétting sé nauðsynleg til að halda þjónustustiginu við lýði.

F.h. fagdeildar um heimaþjónustu
Hrafnhildur Halldórsdóttir

## Skýrsla Norðurlandsdeildar Ljósmæðrafélags Íslands

Starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmæðrafélagsins á starfsárinu 2012-2013 hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Haldinn hefur verið tveir stjórnarfundir auk samskipta stjórnarmeðlima í gegnum tölvupóst aðallega.

Aðalfundur fyrir starfsárið 2012-2013 var haldinn á Siglufirði síðast liðinn maí mánuð. Fórum við allar saman í rútu og var það ævintýri út af fyrir sig. Þegar komið var í Siglufjörð tók Gunnjóna ljósmóðir á móti okkur og sýndi okkur sjúkrahúsið þar. Svo var leiðinni haldið áfram á veitingastaðinn Rauðku þar sem fundur var haldinn og eftir venjubundin aðalfundarstörf var gætt sér á dýrindis súpu og meðlæti.

Aðventufundur var haldinn í desember í litlu veitingahúsi í Innbænum þar sem ljósmæðrum var boðið upp á skemmtilega skrítna smárétti. Skipts var á jólagjöfum og var mikil gleði á þeim fundi.

Félagar í NLMÍ er 47 og í stjórn eru Hulda Magnadóttir, formaður, Birgitta Níelsdóttir, varaformaður, Halla Harðardóttir, meðstjórnandi, Eva Laufey Stefánsdóttir, gjaldkeri og Sigrún Rósa Vilhjálmsdóttir, ritari.

Fyrir hönd stjórnar,
Hulda Magnadóttir, formaður

# Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Jóhanna F. Hrafnfjörð fæddist að Hrafnsfjarðareyri, Norður-Ísafjarðarsýslu 29. nóvember árið 1925. Hún lést þann 15. ágúst 2011. Ljósmæðrapróf tók hún frá Ljósmæðraskóla Íslands 30. september 1947. Hún starfaði sem ljósmóðir víða um land lengst af í Reykjavík. Jóhanna hlaut styrk til Noregsfarar þar sem hún starfaði samtals í þrjú ár. Þegar heim var komið 1958 stofnaði hún fæðingarheimili í Kópavogi og rak það farsællega til ársins 1969. Jóhanna mat mikils það tækifæri sem hún fékk til að starfa erlendis og var það m.a. kveikjan að þeirri hugmynd hennar að stofna minningarsjóð til að styrkja ljósmæður til náms.

*Stofnaðild, varsla o.fl.*

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð. Hér eftir nefndur Minningarsjóðurinn. Minningarsjóðurinn er stofnaður að ósk Jóhönnu F. Hrafnfjörð ljósmóður. Arfleiddi hún Ljósmæðrafélag Íslands að söluandvirði íbúðar sinnar. Minningarsjóðurinn er eign Ljósmæðrafélag Íslands og í vörslu stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands, Borgartúni 6, Reykjavík. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

*Tilgangur og markmið sjóðsins*

2. gr.

Markmið Minningarsjóðsins er að styrkja ljósmæður til sí- og endurmenntunar. Tilgangur og markmið minningarsjóðsins er í samræmi við vilja arfláta.

*Stofnframlag minningarsjóðsins og tekjur*

3. gr.

Stofnframlag minningarsjóðsins er söluandvirði íbúðar Jóhönnu að Ásvallagötu 25 í Reykjavík að upphæð 19.569.479 kr. Ekki má skerða stofnfé sjóðsins. Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast, gjafir og áheit sem sjóðnum kunna að berast og tekjur sem stjórn sjóðsins kann að afla honum á annan hátt.

*Stjórn sjóðsins*

4. gr.

Stjórn minningarsjóðsins er í höndum sjóðanefndar Ljósmæðrafélags Íslands sem er skipuð 5 ljósmæðrum. Sjóðanefnd skal skipuð af aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands til tveggja ára í senn og í henni sitja þrír kjarafélagar LMFÍ auk formanns og gjaldkera félagsins.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðanefndar. Ef nefndarmaður á hagsmuni að gæta við afgreiðslu umsóknar ber honum að víkja af fundi meðan á umsókn er afgreidd.

Stjórn minningarsjóðsins heldur fundargerðir um starf sitt og skilar um það skýrslu á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórn minningarsjóðsins skal setja úthlutunarreglur og nánari starfsreglur um úthlutanir, s.s. einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, allt í samræmi við skipulagsskrá þessa. Fjöldi styrkja sem veittur er árlega skal taka mið af stöðu sjóðsins.

Reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum skal endurskoða á tveggja ára fresti og samþykkja á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands.

Seta í sjóðanefnd er ólaunuð.

*Styrkveitingar úr sjóðnum*

5. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum í samræmi við úthlutunarreglur einu sinni á ári á afmælisdegi Jóhönnu F. Hrafnfjörð, 29. nóvember ár hvert.

*Ávöxtun fjár og ársreikningar*

6. gr.

Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningur minningarsjóðsins skal endurskoðaður og birtur með sama hætti og aðrir reikningar í vörslu Ljósmæðrafélags Íslands.

*Skráning sjóðsins, breytingar á skipulagsskrá o.fl.*

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki aðalfundar Ljósmæðrafélags Íslands. Minningarsjóðinn skal ekki leggja niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnarinnar. Hrein eign hans skal þá renna til Ljósmæðrafélags Íslands.

*Staðfesting*

8. gr.

Skipulagsskrá minningarsjóðs Jóhönnu Hrafnfjörð Ljósmæðrafélags Íslands staðfestist hér með.

Reykjavík 20.apríl 2013

_____________________________ _____________________________

Erna Guðmundsdóttir
lögfræðingur BHM

Esther Ósk Ármannsdóttir
formaður LMFÍ

## Úthlutunar- og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Minningarsjóðurinn er í vörslu stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands og með prókúru fer sitjandi gjaldkeri félagsins.

**Tilgangur og markmið**

Tilgangur og markmið Minningarsjóðsins er að styrkja einstaka sjóðsfélaga til að sækja námskeið innan lands sem utan eða til ákveðinna verkefna sem teljast til eflingar menntunar þeirra.

**Sjóðsstjórn**

Stjórn minningarsjóðsins er í höndum sjóðanefndar Ljósmæðrafélags Íslands. Sjóðanefnd skal skipuð af aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands til tveggja ára í senn og hana sitja þrír kjarafélagar LMFÍ auk formanns og gjaldkera félagsins. Nefndin setur sér úthlutunar- og starfsreglur sem skulu samþykktar af aðalfundi og endurskoðaðar annað hvert ár.

**Sjóðsaðild**

Aðild að Minningarsjóði Jóhönnu F. Hrafnfjörð hafa allir skuldlausir félagar Ljósmæðrafélags Íslands.

**Tegundir styrkja**

- Styrkir til sí- og endurmenntunar ljósmæðra innan lands og utan.
- Til ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar ljósmæðra.

**Upplýsingar um umsóknir**

- Umsókn um styrk úr Minningarsjóðnum skal skilað á sérstöku eyðublaði sjóðsins sem hægt er að sækja á vefsíðu Ljósmæðrafélags Íslands.
- Umsóknir þurfa að berast sjóðnum fyrir 1.nóvember ár hvert.
- Umsóknir þurfa að vera vandaðar og þeim skal fylgja kostnaðaráætlun.

**Áherslur og mat á umsóknum**

- Styrkir eru veittir þeim sem ekki eiga kost á að sækja í aðra sjóði.Til dæmis þeir aðilar sem ekki hafa rétt til úthlutunar eða hafa fullnýtt rétt sinn í öðrum sjóðum.
- Upphæð styrkja ákvarðast af stöðu sjóðsins og fjölda umsókna hverju sinni.

**Greiðsla styrkja**

- Styrkur er að jafnaði greiddur út gegn framvísun reikninga í frumriti. Reikningur skal vera dagsettur það almanaksár sem sótt er um styrkinn.
- Sé styrks ekki vitjað fyrir 1. nóvember ári eftir úthlutun, lítur sjóðanefnd svo á að styrkvilyrðið falli niður.

Sjóðanefnd Ljósmæðrafélags Íslands – september 2012

## Tillaga uppstillingarnefndar til aðalfundar LMFÍ

Yfirstrikuð nöfn eru ný inn í stjórn og nefndir

| | | |
|---|---|---|
| Stjórn | formannsefni<br>varaformaður<br>gjaldkeri<br>varagjaldkeri<br>ritari<br>vararitari<br>meðstjórnandi | Áslaug Valsdóttir / Hrefna Einarsdóttir<br>Anna Eðvaldsdóttir<br>Inga Sigríður Árnadóttir<br>Hafdís Ólafsdóttir<br>Ásta Hlín Ólafsdóttir<br>Steina Þórey Ragnarsdóttir<br>Björg Sigurðardóttir |
| Kjaranefnd | formaður | Björg Sigurðardóttir<br>Guðrún Fema Ágústsdóttir<br>Guðrún Kormáksdóttir<br>Harpa Ósk Valgeirsdóttir<br>formaður LMFÍ |
| Ritnefnd | ritstjóri | Hrafnhildur Ólafsdóttir<br>Ásrún Ösp Jónsdóttir<br>Edda Sveinsdóttir<br>Ingibjörg Eiríksdóttir<br>Ingibjörg Hreiðarsdóttir<br>Berglind Hálfdánsdóttir |
| Fræðslunefnd | formaður | Hanna Rut Jónasdóttir<br>Bergrún Svava Jónsdóttir<br>Elín Arna Gunnarsdóttir<br>Guðrún I Gunnlaugsdóttir<br>Hallfríður Kristín Jónsdóttir |
| Sjóðanefnd | | formaður LMFÍ<br>gjaldkeri LMFÍ<br>Gréta Rún Árnadóttir<br>Gréta Matthíasdóttir<br>Margrét Guðmundsdóttir |
| Kjörnefnd | formaður | Birna Ólafsdóttir<br>Guðrún Huld Kristinsdóttir<br>Hilda Friðfinnsdóttir |
| Siðanefnd | | Anna Rut Sverrisdóttir<br>Birna Gerður<br>Guðrún Halldórsdóttir |
| NJF | | Hildur Kristjánsdóttir<br>fulltrúi sem stjórn ákveður |
| Skoðunarmenn | | Ingunn Vattnes Jónasdóttir<br>Margrét Guðmundsdóttir |
| Aðaltrúnaðarmaður | | Guðrún Sigríður Ólafsdóttir |

# Ljósmæðrafélag Íslands

## Ársreikningur

# 2012

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-9 |
| Sundurliðanir | 10-11 |
| Ársreikningur Vísindasjóðs | 12 |

# Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna í Ljósmæðrafélagi Íslands.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Ljósmæðrafélag Íslands vegna ársins 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða Ljósmæðrafélag Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Kópavogur, 20. apríl 2013.

**Deloitte hf.**

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ljósmæðrafélags Íslands fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Ljósmæðrafélags Íslands á árinu 2012 nam kr. 2.820.746. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 18.007.794, bókfært eigið fé í árslok er kr. 14.600.645 og er eiginfjárhlutfall félagsins 81%.

Það er álit stjórnar og formanns Ljósmæðrafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2013

## Í stjórn

stjórnarformaður

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | | 17.176.285 | 16.483.063 |
| Fagfélagsgjöld | | 685.000 | 0 |
| Tekjur af blaðaútgáfu | | 3.250.000 | 996.500 |
| Aðrar tekjur | | 877.631 | 2.693.129 |
| | | 21.988.916 | 20.172.692 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | (8.870.598) | (8.729.469) |
| Félagslegur kostnaður | | (11.578.218) | (10.248.291) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (3.381.782) | (2.893.183) |
| Húsnæðiskostnaður | | (949.894) | (890.587) |
| Afskriftir | 6 | (225.136) | (225.136) |
| **Rekstrartap** | | (3.016.712) | (2.813.974) |
| Fjármunatekjur | 4 | 164.819 | 114.469 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (229.255) | (63.953) |
| **Tap ársins** | | (3.081.148) | (2.763.458) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir | Skýr. | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteignir | 6 | 7.054.277 | 7.279.413 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 345.501 | 401.132 |
| Viðskiptakröfur | | 4.202.448 | 2.333.436 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 50.352 | 397.386 |
| Handbært fé | 7 | 6.094.814 | 4.829.298 |
| | | 10.693.115 | 7.961.252 |
| **Eignir** | | 17.747.392 | 15.240.665 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 14.340.243 | 13.570.184 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.737.414 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 9 | 1.669.735 | 1.670.481 |
| Skuldir | | 3.407.149 | 1.670.481 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 17.747.392 | 15.240.665 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrartap | | (3.016.712) | (2.813.974) |
| Afskriftir | | 225.136 | 225.136 |
| **Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta** | | (2.791.576) | (2.588.838) |
| Vörubirgðir, lækkun | | 55.631 | 82.357 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (1.521.978) | (179.204) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 1.736.668 | 647.142 |
| **Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta** | | (2.521.255) | (2.038.543) |
| Innborgaðir vextir og arður | | 164.819 | 114.469 |
| Greiddir vextir | | (229.255) | (63.953) |
| **Handbært fé til rekstrar** | | (2.585.691) | (1.988.027) |
| Lækkun handbærs fjár | | (2.585.691) | (1.988.027) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 4.829.298 | 6.817.325 |
| Leiðrétt vegna fyrri ára | | 3.851.207 | 0 |
| Handbært fé í lok árs | | 6.094.814 | 4.829.298 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ljósmæðrafélag Íslands er stéttar- og fagfélag ljósmæðra og ljósmæðranema. Markmið félagsins er að efla ljósmæðrastéttina og gæta hagsmuna og réttinda ljósmæðra varðandi starf þeirra og kjör.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ljósmæðrafélags Íslands fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Félagsgjöld eru ýmist innheimt fyrirfram, eða eftirá, og skráð við innheimtu. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Laun | 7.073.647 | 7.110.834 |
| Lífeyrissjóður | 849.352 | 801.003 |
| Önnur launatengd gjöld | 734.242 | 827.583 |
| Annar starfsmannakostnaður | 213.357 | (9.951) |
| | 8.870.598 | 8.729.469 |
| Stöðugildi að meðaltali | 1 | 1 |

## 4. Fjármunatekjur

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 164.187 | 113.796 |
| Vaxtatekjur af dráttavöxtum | 632 | 673 |
| | 164.819 | 114.469 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | 5.511 | 0 |
| Dráttarvaxtagjöld | 40.744 | 8.042 |
| Önnur vaxtagjöld | 183.000 | 55.911 |
| | 229.255 | 63.953 |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir |
|---|---|
| **Kostnaðarverð** | |
| Staða í ársbyrjun | 7.279.413 |
| Staða í árslok | 7.279.413 |
| **Afskriftir** | |
| Staða í ársbyrjun | 0 |
| Afskrift ársins | 225.136 |
| Staða í árslok | 225.136 |
| **Bókfært verð** | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 7.279.413 |
| Bókfært verð í árslok | 7.054.277 |
| Afskriftarhlutföll | 3% |

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 50.352 | 22.353 |
| Krafa á Vísindasjóð | 0 | 375.033 |
| | 50.352 | 397.386 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

| | | |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 6.094.814 | 4.829.298 |

## 8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Óráðstafað eigið fé í upphafi árs | 13.570.184 | 16.333.642 |
| Leiðrétt frá fyrra ári | 3.851.207 | 0 |
| Tap ársins | (3.081.148) | (2.763.458) |
| Óráðstafað eigið fé í árslok | 14.340.243 | 13.570.184 |

## 9. Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun | 0 | 357.409 |
| Ógreitt í lífeyrissjóð | 103.472 | 76.691 |
| Ógreidd sjóðagjöld | 18.158 | 13.297 |
| Ógreidd staðgreiðsla | 0 | 152.363 |
| Mótreikningur vegna sjóða | 1.522.090 | 1.028.721 |
| Aðrar skuldir | 0 | 42.000 |
| | 1.669.735 | 1.670.481 |

## 10. Önnur mál

Félagið vill vekja athygli á því að auglýsingatekjur að upphæð 1 milljón sem tilheyra rekstrarárinu 2011 voru færðar til tekna á árinu. Þá var kostnaður vegna nálastungunámskeiðs 2011 að fjárhæð 980 þúsund færður til gjalda á árinu.

## 11. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á aðalfundi þann 20.apríl 2013.

# Sundurliðanir

## Tekjur

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Félagsgjöld | 17.176.285 | 16.483.063 |
| Fagfélagsgjöld | 685.000 | 0 |
| Áskriftartekjur | 149.000 | 82.500 |
| Auglýsingatekjur vegna blaðaútgáfu | 3.101.000 | 914.000 |
| Auglýsingatekjur vegna vefsíðu | 800.000 | 1.061.000 |
| Tekjur af námskeiðishaldi | 13.000 | 1.522.000 |
| Sala á félagsvörum | 55.631 | 82.357 |
| Lausnarsteinar | 0 | 22.772 |
| Aðrar tekjur | 9.000 | 5.000 |
| | 21.988.916 | 20.172.692 |

## Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vinnulaun | 6.751.531 | 6.398.754 |
| Bifreiðastyrkir | 322.116 | 712.080 |
| Tryggingagjald | 617.200 | 757.825 |
| Lífeyrissjóður | 849.352 | 801.003 |
| Aðrir sjóðir | 117.042 | 69.758 |
| Slysatryggingar starfsfólks | 17.847 | 7.560 |
| Annar starfsmannakostnaður | 195.510 | (17.511) |
| | 8.870.598 | 8.729.469 |

## Félagslegur kostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Skattur og tillag til BHM | 1.668.304 | 1.672.119 |
| Vefsíða | 967.707 | 1.138.251 |
| Handbók ljósmæðra | 723.208 | 665.252 |
| Lausnarsteinar | 90.000 | 0 |
| Ljósmæðrablaðið | 2.198.622 | 1.817.912 |
| Kostnaður vegna ritstjórnar | 505.000 | 210.000 |
| Nálastungunámskeið | 981.055 | 645.000 |
| Kjarabarátta | 0 | 207.540 |
| Kostnaður vegna ICM og NJF | 538.224 | 297.928 |
| Gjafir og styrkir | 2.770.952 | 2.318.980 |
| Greitt úr Vísindasjóði | 714.621 | 571.659 |
| Auglýsingar | 14.912 | 78.277 |
| Ferðakostnaður | 69.580 | 176.571 |
| Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur | 260.402 | 30.000 |
| Ýmis kostnaður | 3.000 | 27.000 |
| Félagsvörur | 0 | 309.445 |
| Birgðir af félagsvörum | 55.631 | 82.357 |
| Erlendur kostnaður | 17.000 | 0 |
| | 11.578.218 | 10.248.291 |

# Sundurliðanir

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Sími | 256.875 | 195.516 |
| Burðargjöld | 257.962 | 214.358 |
| Pappír, prentun og ritföng | 60.928 | 49.606 |
| Stjórnarlaun, verktakar | 297.000 | 468.000 |
| Fundir og ráðstefnur | 583.959 | 541.345 |
| Aðstoð við reikningsskil | 274.142 | 50.402 |
| Lögfræðiþjónusta | 977.583 | 616.707 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 62.000 | 285.866 |
| Skrifstofutæki og áhöld | 20.938 | 151.850 |
| Viðhald áhalda og tækja | 3.792 | 29.379 |
| Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta | 586.603 | 287.154 |
| Bækur og blöð | 0 | 3.000 |
| | 3.381.782 | 2.893.183 |

## Húsnæðiskostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Viðhald húsnæðis | 909.495 | 868.992 |
| Vátryggingar húsnæðis | 40.399 | 21.595 |
| | 949.894 | 890.587 |

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Rekstrarliðir** | | |
| **Rekstrartekjur** | | |
| Framlög í Rannsóknar- og þróunarsjóð | 1.506.000 | 958.248 |
| Framlög í Vísindasjóð | 878.339 | 783.736 |
| | 2.384.339 | 1.741.984 |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Styrkir greiddir úr Rannsóknar- og þróunarsjóði | 2.320.001 | 1.463.451 |
| Útborganir úr Vísindasjóði | 714.621 | 571.659 |
| | 3.034.622 | 2.035.110 |
| **Rekstrartap** | (650.283) | (293.126) |
| Vaxtatekjur | 102.076 | 60.391 |
| Fjármagnstekjuskattur | (21.380) | (12.072) |
| Afskrifuð skuld við Ljósmæðrafélag Íslands | 619.840 | 0 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | 50.253 | (244.807) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| **Eignir** | **31.12.2012** | **31.12.2011** |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | |
| Bankareikningar | 3.655.761 | 4.225.348 |
| **Eignir** | 3.655.761 | 4.225.348 |
| **Eigið fé og skuldir** | | |
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 3.655.761 | 3.605.508 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Skuld við Ljósmæðrafélag Íslands | 0 | 619.840 |
| **Eigið fé og skuldir** | 3.655.761 | 4.225.348 |

# Ljósmæðrafélag Íslands

Samanburður á Fjárhagsáætlun 2012, Rauntölum 2012 og Fjárhagsáætlun 2013

| | Áætlun 2012 | Rauntölur | Frávik Í kr | Frávik í % | Áætlun 2013 | Áætl vs Raunt |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Innkoma** | | | | | | |
| | | | | | | |
| Félagsgjöld | 16.800.000 kr. | 17.176.285 kr. | 376.285 | 2% | 17.400.000 kr. | 1% |
| Fagfélagsgjöld | 0 kr. | 685.000 kr. | 685.000 | | 510.000 kr. | -26% |
| Auglýsingatekjur - vefsíða | 1.000.000 kr. | 800.000 kr. | -200.000 | -20% | 950.000 kr. | 19% |
| Auglýsingatekjur - ljósmæðrablað | 1.700.000 kr. | 3.101.000 kr. | 1.401.000 | 82% | 2.000.000 kr. | -36% |
| Sala á félagsvörum | 48.000 kr. | 55.631 kr. | 7.631 | 16% | 55.631 kr. | 0% |
| Lausnarsteinar | 5.000 kr. | 0 kr. | -5.000 | -100% | 0 kr. | |
| Áskriftartekjur | 60.000 kr. | 149.000 kr. | 89.000 | 148% | 140.000 kr. | -6% |
| Námskeið | 0 kr. | 13.000 kr. | 13.000 | | 0 kr. | -100% |
| Annað | 5.000 kr. | 9.000 kr. | 4.000 | 80% | 0 kr. | -100% |
| **Innkoma i allt:** | 19.618.000 kr. | 21.988.916 kr. | 2.370.916 | 12% | 21.055.631 kr. | -4% |
| | | | | | | |
| **Útgjöld** | | | | | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | | | | | | |
| Vinnulaun | 6.059.606 kr. | 6.751.531 kr. | 691.925 | 11% | 6.463.740 kr. | -4% |
| Bifreiðastyrkur | 0 kr. | 322.116 kr. | 322.116 | | 120.000 kr. | -63% |
| Lífeyrissjóður | 696.855 kr. | 849.352 kr. | 152.497 | 22% | 743.330 kr. | -12% |
| Tryggingargjald | 524.156 kr. | 617.200 kr. | 93.044 | 18% | 559.114 kr. | -9% |
| Sjóðagjöld | 122.404 kr. | 117.042 kr. | -5.362 | -4% | 130.568 kr. | 12% |
| Tryggingar starfsfólks | 20.000 kr. | 17.847 kr. | -2.153 | -11% | 20.000 kr. | 12% |
| Stjórnarseta | 324.000 kr. | 297.000 kr. | -27.000 | -8% | 324.000 kr. | 9% |
| Annað | 0 kr. | 195.510 kr. | 195.510 | | | -100% |
| | | | | | | |
| **Félagslegur kostnaður** | | | | | | |
| Framlag í Rannsókna- og þrjóunarsjóð LMFÍ (9%) | 1.483.476 kr. | 1.000.000 kr. | -483.476 | -33% | 2.029.342 kr. | 103% |
| Framlag í Þórdísarsjóð (3%) | 1.001.771 kr. | 0 kr. | -1.001.771 | -100% | 1.517.060 kr. | |
| Skattur til BHM | 1.680.000 kr. | 1.668.304 kr. | -11.696 | -1% | 1.680.000 kr. | 1% |
| Vefsíðukostnaður (þmt laun vefsíðustjóra) | 910.000 kr. | 967.707 kr. | 57.707 | 6% | 910.000 kr. | -6% |
| Aðkeypt þjónusta | 240.000 kr. | 62.000 kr. | -178.000 | -74% | 0 kr. | -100% |
| Bækur og blöð | 10.000 kr. | 0 kr. | -10.000 | -100% | 5.000 kr. | |
| Félagsvörur | 75.000 kr. | 0 kr. | -75.000 | -100% | 100.000 kr. | |
| Kostnaður vegna ritstjórnar/laun ritstjóra | 180.000 kr. | 505.000 kr. | 325.000 | 181% | 180.000 kr. | -64% |
| Auglýsingar | 10.000 kr. | 14.912 kr. | 4.912 | 49% | 0 kr. | -100% |
| Gjafir og styrkir* | 150.000 kr. | 2.770.952 kr. | 2.620.952 | 1747% | 150.000 kr. | -95% |
| Ljósmæðrablaðið | 1.950.000 kr. | 2.198.622 kr. | 248.622 | 13% | 2.550.000 kr. | 16% |
| Lausnarsteinar | 90.000 kr. | 90.000 kr. | 0 | 0% | 0 kr. | -100% |
| Fylgjan - handbók ljósmæðra | 650.000 kr. | 723.208 kr. | 73.208 | 11% | 720.000 kr. | 0% |
| Kostnaður vegna ICM og NJF | 500.000 kr. | 538.224 kr. | 38.224 | 8% | 480.000 kr. | -11% |
| Kostnaður vegna stjórnarf./fræðsluf./ráðstefn. | 350.000 kr. | 583.959 kr. | 233.959 | 67% | 160.000 kr. | -73% |
| Ferðakostnaður | 80.000 kr. | 69.580 kr. | -10.420 | -13% | 40.000 kr. | -43% |
| Nálastungunámskeið | 0 kr. | 981.055 kr. | 981.055 | | 0 kr. | -100% |
| Birgðir af félagsvörum | 0 kr. | 55.631 kr. | 55.631 | | 0 kr. | -100% |
| Afskrifaður og niðurfærðar kröfur | 0 kr. | 260.402 kr. | 260.402 | | 0 kr. | -100% |
| Annað | 0 kr. | 20.000 kr. | 20.000 | | 0 kr. | -100% |
| | | | | | | |
| **Skrifstofukostnaður** | | | | | | |
| Hússjóður Borgartún | 883.008 kr. | 909.495 kr. | 26.487 | 3% | 912.000 kr. | 0% |
| Burðargjöld og ljósritun | 361.000 kr. | 257.692 kr. | -103.308 | -29% | 231.000 kr. | -10% |
| Sími | 156.000 kr. | 256.875 kr. | 100.875 | 65% | 200.000 kr. | -22% |
| Ritföng | 60.000 kr. | 60.928 kr. | 928 | 2% | 60.000 kr. | -2% |
| Reiknisleg aðstoð | 200.000 kr. | 274.142 kr. | 74.142 | 37% | 200.000 kr. | -27% |
| Rekstur tölvukerfis | 300.000 kr. | 586.603 kr. | 286.603 | 96% | 564.000 kr. | -4% |
| Viðhald áhalda og tækja | 28.000 kr. | 3.792 kr. | -24.208 | -86% | 5.000 kr. | 32% |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 50.000 kr. | 20.938 kr. | -29.062 | -58% | 0 kr. | -100% |
| Annar kostnaður | 0 kr. | 0 kr. | 0 | | 0 kr. | |
| | | | | | | |
| **Útgjöld i allt:** | 19.145.275 kr. | 24.047.619 kr. | 4.902.344 | 26% | 21.054.154 kr. | -12% |
| | | | | | | |
| **Afgangur f. önnur gjöld** | | | | | 1.477 kr. | |

*ATH. Gjafir og styrkir verða útskýrðir sérstaklega á aðalfundi